

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Vestmannaeyjabæ.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi íþróttasvæðis við Hástein – flóðlýsing og gervigrasyfirborð á Hásteinsvelli.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi íþróttasvæðis við Hástein vegna flóðlýsingar og gervigrasyfirborðs fyrir Hásteinsvöll var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var afgreidd á 20. afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. febrúar 2026.

Tillagan gerir ráð fyrir fjórum ljósmöstrum að hámarki 22 metrar að hæð við Hásteinsvöll samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti. Tilgreindir eru skilmálar um tímabil og tíma þar sem flóðlýsing er heimil og hámarksstyrkleika lýsingarinnar.

Tillagan gerir einnig grein fyrir gervigrasyfirborði vallarins og lögnum fyrir snjóbræðslu undir gervigrasyfirborðinu. Að lokum felur tillagan í sér búningsklefa meistaraflokks sem gert er ráð fyrir í kjallara stúkunnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 4. mars 2026.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,
Dagný Hauksdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 18. mars 2026